

Icesave samningarnir, afleikur aldarinnar?

Bókarhöfundur: **Sigurður Már Jónson**

Bókarheiti: **Icesave samningarnir, afleikur aldarinnar?**

Gagnrýnandi: **Svavar Halldórsson, stjórn málafræðingur og MPA.**

Útgáfa: **Land & Saga, Reykjavík, 2011. 224 bls.**

Í umsögn gagnrýnenda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Færa má sterk rök fyrir því að Icesave samningar þeir sem Svavar Gestsson kom með heim sumarið 2009, hafi vissulega verið afleikur, jafnvel afleikur aldarinnar. Það er hins vegar bagalegt að fyrsta tilraunin til að skoða hvort það sé rétt, skuli ekki betri en raun ber vitni. Hér er hvorki á ferðinni vönduð blaðamennska né vönduð fræðimennska. Of margar reglur beggja fagsviða eru brotnar. Ofurkapp höfundar á að undirbyggja niðurstöðu sem hann virðist hafa gefið sér fyrirfram rýrir mjög gildi verksins.“

Margt hefur verið sagt og skrifað um aðdraganda og eftirleik íslenska bankahrunsins haustið 2008. Þegar ljóst var í hvað stefndi reisti Alþingi varnarmúr um landið með neyðarlögum. Utan múrsins voru erlendar eignir bankanna og erlendu kröfuhafarnir. Flestir voru þeir þýskir og töpuðu þúsundum milljarða. Innan múrs var svo hin starfsemi bankanna sem gekk nánast snurðulaust. Raunar má heita kraftaverk að greiðslukort og netbankar hafi meira og minna virkað þótt bankakerfið legðist á hliðina. Ein stór og mikil glufa var hins vegar í þessum varnarmúr. Icesave!

Allir íslensku bankarnir söfnuðu innlánum á sérstaka reikninga í útlöndum mánuðina og misserin fyrir hrun. Enginn var hins vegar jafn stórtækur í þessu og Landsbankinn. Hið góða nafn Íslands var óspart nýtt í markaðsstarfi og fólki lofað hærri vöxtum en annars staðar voru í boði. Fjöldi fólks í Bretlandi og Hollandi lagði háar upphæðir inn á Icesave reikningana. Sá galli var hins vegar á gjöf Njarðar að Landsbankinn var ekki með þessa starfsemi sína í dótturfélögum, heldur útibúum. Þetta þýddi í raun að íslenski móðurbankinn hafði beinlínis starfsemi ytra. Hún heyrði að mestu undir íslenska eftirlitskerfið og Icesave reikningarnir undir íslenska Tryggingasjóðinn. Varnarmúr stjórnvalda náði ekki utan um þetta.

Afleiðingin varð ein hardasta milliríkjadeila sem Íslendingar hafa nokkru sinni átt í. Ekki sér enn fyrir endann á henni og ekki er búið að ganga frá málinu við Breta og Hollendinga. Í bók sinni, *Icesave samningarnir, afleikur aldarinnar?* reynir Sigurður Már Jónsson blaðamaður að rekja tildrög og efnisatriði málsins. Af kynningu á efni hennar má ráða að um sé að ræða vandað rit sem gefur fulla mynd af málinu. Svo er því miður ekki, þótt bókinn sé í marga staði athyglisverð fyrir áhugamenn um þetta mikla deilumál. Ritið hefur hins vegar stóra galla sem erfitt er að líta framhjá.

Nálgun höfundar

Rannsóknarblaðamennska í bókarformi er vel þekkt, en þetta rit fellur tæpast í þann flokk. Höfundur virðist ekki hafa gengið í verkið með opnum huga, heldur er eins og bókin sé fyrst og fremst tilraun til að skjóta rökum undir síðari hluta titilsins. Efnistökin litist þannig af því að hann vilji sýna fram á að Icesave samningarnir hafi í raun og veru verið afleikur.

Vel hefði farið á því að gera ítarlegri og betri grein fyrir forsögu málsins fyrir og eftir hrun, tilraunum stjórnvalda hér til að koma ábyrgðinni á bresku Icesave reikningunum yfir til eftirlitsstofnana þar í landi og svo mætti áfram telja. Bókin hefði mátt hefjast á formála þar sem gerð væri grein fyrir efnistöku. Jafnframt hefði mátt færa þar rök fyrir því hvers vegna svo mikil áhersla er lögð á Svavars-samningana svokölluðu, fyrstu Icesave-samningana sem gerðir voru undir forystu Svavars Gestssonar, sendiherra. Það vekur líka nokkra undrun að hlaupið er á harðaspretti yfir samninga þá sem Íslendingar náðu við Breta og Hollendinga þegar Lee Bucheit leiddi íslensku samninganefndina.

Bók af þessu tagi mætti líka hugsanlega líta á sem fræðirit. Þessi bók er það hins vegar ekki. Þrátt fyrir að byggt sé á viðtölum við suma þá sem komu að málinu, eins og Indriða H. Þorláksson, er fjarvera annarra aðalleikenda hrópandi. Hvers vegna er til að mynda ekki rætt við aðalsamningamanninn Svavar Gestsson eða fjármálaráðherrann Steingrím J. Sigfússon? Þess í stað setur höfundur sig í stellingar alviturs skáldsagna-höfundar og gerir þeim upp hugsanir og tilgang. Vel kann að vera, og jafnvel líklegt, að hann hitti naglann á höfuðið í þeim ágiskunum. Það breytir því hins vegar ekki að þetta eru ágiskanir.

Meðferð heimilda

Á bókarkápu segir að stuðst sé við áður óbirt trúnaðargögn og leyniskjöl. Það kann að vera rétt, en í bókinni fer lítið fyrir þeim uppljóstrunum sem búast mætti við í samræmi við slíkar yfirlýsingar. Slíkra heimilda er að engu getið í heimildaskrá. Höfundur er reyndar afskaplega spar á tilvísanir í heimildir, framsetning þeirra óskýr og notkunin virðist tilviljanakennd.

Sjálfur er ritdómari vel kunnugur Icesave málinu frá upphafi. Undirritaður tók þátt í umfangsmikilli rannsókn í samvinnu við hérlendar og bandarískar háskólastofnanir og fræðimenn. Þar voru meðal annars skráðar og innihaldsgreindar allar fréttir, aðsendar greinar og ritstjórnarefni í stóru, íslensku fjölmiðlunum frá 1. janúar til 6. mars 2010.

Þegar sú tölfræði er skoðuð kemur í ljós að um 40% allrar umfjöllunar um Icesave á þessu tímabili var í Ríkisútvarpinu, annað hvort í útvarpi, sjónvarpi eða á vefnum. Þá er búið að leiðrétta fyrir það að hver frétt eða umfjöllun kunnist birtast í fleiri en einum miðli Ríkisútvarpsins. Þriðja hver umfjöllun var á Stöð 2, í Fréttablaðinu eða á vísi.is. Leiðrétt var fyrir endurtekningar á sama hátt, þannig að hver frétt er aðeins talin einu sinni. Rúmur fimmtungur birtist í Morgunablaðinu eða á mbl.is. Viðskiptablaðið og DV, að meðtöldum vefsíðum, áttu um 5% umfjallana. Frumniðurstöður benda til þess að nokkur munur sé á nálgun fjölmiðlanna á Icesave málið.

Merkilegt er að skoða heimildaskrá Sigurðar Mús í þessu samhengi. Þar er í heild-

ina vísað í 36 mismunandi heimildir. 19 þeirra, eða um 53%, eru aðsendar greinar eða fréttir í Morgunblaðinu. Þrisvar, eða í 8% tilfella, er frétt eða aðsend grein í Fréttablaðinu nýtt sem heimild. Ekki er að sjá á heimildaskránni að Sigurður Már hafi nýtt nokkuð það sem fram kom í DV, Viðskiptablaðinu, Ríkisútvarpinu, á Stöð 2 eða Bylgjunni um Icesave málið, eða að hann hafi nýtt sér vefútgáfur þessara fjölmiðla. Þetta gæti bent til þess að sú mynd sem dregin er upp í bókinni sé hugsanlega bjöguð.

Rétt er að halda því til haga að vísað er til fleiri heimilda í neðanmálgreinum en taldar eru upp í heimildaskrá. Ósamræmið skrifast hugsanlega á tímaleysi eða mistök í umbroti.

Samantekt

Færa má sterk rök fyrir því að Icesave samningar þeir sem Svavar Gestsson kom með heim sumarið 2009, hafi vissulega verið afleikur, jafnvel afleikur aldarinnar. Það er hins vegar bagalegt að fyrsta tilraunin til að skoða hvort það sé rétt, skuli ekki betri en raun ber vitni. Hér er hvorki á ferðinni vönduð blaðamennska né vönduð fræðimennska. Of margar reglur beggja fagsviða eru brotnar. Ofurkapp höfundar á að undirbyggja niðurstöðu sem hann virðist hafa gefið sér fyrirfram rýrir mjög gildi verksins. Sigurði Má er hins vegar ekki alls varnað þótt ekki hafi tekist betur upp í þetta sinn. Bókin er ekki alvond, hún er um margt fróðleg fyrir áhugamenn um Icesave málið, sé hún lesin með réttum gleraugum og stíllinn er þokkalega lipur.